# ULTRA 700 GÓLFEFNI

GÓLFLAUSNIR MALLAND

## Samskeytalaus iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 700 er tveggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af glærum grunni og litaðri þykkmálningu. ULTRA 700 er lagt um það bil 0,7mm þykkt, þ.e. grunnur og þykkmálning, sem er um fimmföld þykkt á við hefðbundið málningarkerfi. Ásýnd og áferð efnisins fer að miklu leiti eftir gæðum undirlagsins.



### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 700 gólfefnisins eru, að það er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið, hvorki við lögn né eftir á. ULTRA 700 fljótlegt að leggja, það er slitsterkt og hefur gott efnaþol. ULTRA 700 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s. hefur samfellt yfirborð og auðvelt er að leggja það í ávalan húlkíl, sem auðvelt er að þrífa.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA 700 eru t.d. gólf í matvælaiðnaði svo sem í fisk– og kjötvinnslum þar sem álag er í meðallagi, verslanir, lagerhúsnæði og verkstæði. Hægt er að fá ULTRA 700 í nokkrum staðallitum, einnig er hægt að fá gólfefnið í fjölda lita ef fyrirvari er nægur.

### Eiginleikar:

**Þrýstiþol:** 70 N/mm²
**Beygjuþol:** 55 N/mm²
**Togþolsstyrkur meiri en steypu**
**Hitaþol:** 60°C með álagi
**Algerlega raka og vatnsþétt.**
**Efnaþol:** Mjög gott.




### Vinnslutími:

- Tími við lögn: 2 dagar
- Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- Lyftaraumferð: 48 klst/20°C
- Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 700 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaiðnaði er almennt nægjanlegt að þrífa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

GÓLFLAUSNIR MALLAND

Steinhellu 17b, 221 Hafnarfirði • S: 564 5533 • Njarðarnesi 10, 603 Akureyri S: 578 5533 •